

## Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Árnes 31. maí 2023

### Efni: Stytting vinnuvikunnar í Þjórsárskóla og afleysing vegna þess

Í ljósi bókunar samningsaðila varðandi kjarasamning grunnskólakennara þarf að fara í vinnu með útfærslu á styttingu vinnuviku kennara í Þjórsárskóla.

Á fundi kennara 24. maí sl. var útfærslan til umræðu. Kennrarar samþykktu að fulltrúi kennara í skólanefnd kæmi afstöðu þeirra á framfæri á fundi skólanefndar þann 25. maí. Á fundinum var afstöðu kennara til vinnustyttingar komið á framfæri í umræðum undir liðnum skóladagatal Leikholt. Ástæðan var sú að undir þeim lið var í máli leikskólastjóra ítarleg lýsing á fyrirkomulagi vinnustyttingar, afleysingu sem væri til staðar og tenging við skóladagatal vegna valfrjálsra daga sem ætti að nýta fyrir vinnustyttingu ef hægt væri í leikskólanum. Sú umræða og afstaða sem kom fram í þessum lið var tekið úr fundargerð sbr. tölvupóst frá formanni skólanefndar að kvöldi sama dags (fylgir með bréfi þessu). Í ljósi þess er hér með afstöðu kennara komið á framfæri með formlegum hætti til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Afstaða og krafa kennara við Þjórsárskóla vegna styttingu vinnuvikunnar.

Við undirbúning að styttingu vinnuvikunnar fyrir ári var stuðst við bækling/leiðbeiningar frá KÍ og Sambandi sveitarfélaga. Farið var í öllu eftir því ferli. Kennrarar greiddu síðan atkvæði um þrjár leiðir og sú sem var samþykkt var send til sveitarstjórnar í júní 2022. Í samræmi við leiðbeiningar þá mótt ekki gera ráð fyrir kostnaði og því var útfærslan gerð þannig að það varð engin breyting hjá kennurum í raun og veru. Á þessu skólaári hefur síðan komið í ljós að skólum innan sveitarfélagsins er mismunað með afleysingu fyrir vinnustyttingu. Kennrarar í Þjórsárskóla gáfu í raun frá sér styttingu vinnuvikunnar vegna skorti á fjármagni í afleysingu og nýttu í raun eingöngu einn dag yfir árið. Samkvæmt samningi ættu það að vera 5,53 dagar fyrir skólaárið. Rétt eins og í öðrum skólum er mjög erfitt að taka vinnustyttingu ef enginn starfsmaður tekur við nemendum, hvort sem þeir eru á leikskóla- eða grunnskólaaldri. Kennurum í Þjórsárskóla er misboðið sú mismunun sem höfð er upp í gefnum forsendum milli skólanna. Áður en lengra er haldið í útfærslu á styttingu vinnuvikunnar er farið fram að allir byggi á sömu forsendum til að geta nýtt styttinguna í samræmi við markmið hennar. Nú hefur afleysing verið við lýði undanfarin ár og kennrarar Þjórsárskóla fara fram að fá afleysinu fyrir styttingu vinnuvikunnar, svo hægt verði að setja fram mögulega útfærslu fyrir næsta skólaár. Slíkt fyrirkomulag á að gildi 1. ágúst n.k.

Í samræmi við stjórnsýslulög er farið fram á formlegt svar við formlegu erindi og að afgreiðsla taki mið af jafnræðisreglu 11. gr. laganna, og að svar berist svo fljótt sem unnt er skv. 9. gr sömu laga. Erindið er sent á sveitarstjórn þar sem skólanefnd kom því á framfæri á umræddum fundi að nefndin tæki ekki afstöðu þegar um fjármál er að ræða.

EF móta á framúrskarandi skóla og búa til besta skóla landsins þá er mikilvægt að starfsfólk upplifi að það skipti máli í raun og veru í daglegum aðbúnaði.

Kennrarar Þjórsárskóla

Lugbjørg Magnúsdóttir  
Lífa Loftsdóttir  
Andrea Síði Snæbjörnsdóttir

Jónas J. Björnad  
Karen Óskarsdóttir  
Karen Kristjáne Ómsíðsdóttir  
Helena Steinþorsdóttir  
Kristin Kristladóttir

# **Ingibjörg María Guðmundsdóttir**

---

**Frá:** Vilborg Ástráðsdóttir <vilborg@skeidgnup.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 25. maí 2023 21:25  
**Til:** Ingibjörg María Guðmundsdóttir  
**Afrit:** Haraldur Þór Jónsson; Bolette Höeg Koch; Bjarni Hlynur Ásbjörnsson  
**Efni:** varðandi efni á skólanefndarfundi

Sæl

Þú komst með erindi eða ábendingu frá kennurum í Þjórsárskóla varðandi vinnustyttinguna. Þetta kom undir liðnum – skóladagatal Leikholt.

Það hefði betur farið að það hefði verið óskað eftir því að bæta þessu við á dagskrá í upphafi fundar eða álíka.

Bjarni fundarritari þurfti að víkja af fundi rétt áður en fundargerð var lesin yfir – líkt og þú. Hann hafði hins vegar að einhverju leyti skrifað niður erindi þitt.

Við sem eftir sáum ákváðum að taka þetta út úr fundargerð og var það gert með samþykki Bolette skólastjóra – en ég tók afrit og er það hér:

Ingibjörg Guðmundsdóttir nefndi að umræða hjá kennurum í Þjórsárskóla hafi dregið fram að sveitarfélagið mismunum skólunum varðandi möguleikum á afleysingum þar sem þessi ráðning afleysingar á leikskóla standi ekki grunnskólanum til boða. Fram kom að hver og ein stofnun útfærir vinnustyttinguna og eru þær mismunandi eftir þeim útfærslum. Greiðslur og kostnaður við vinnustyttingu þarf að vera til jafns á öllum stofnunum sveitarfélagsins. Ekki á að vera grundvöllur til mismununar.

Við tókum þetta út úr fundargerð þar sem okkur fannst þetta ekki eiga við um þennan lið, sérstaklega vegna þess að forsendur og aðdragandi var ekki tilgreindur í fundargerð og því fremur vand með farið að birta.

Legg til að þú komir með mótað erindi á fund þar sem vinnustytting er til umfjöllunar. Er sannfærð um að þetta málefni þurfi nánari athugun og umfjöllun.

Með kveðju,  
**Vilborg Ástráðsdóttir**

Sveitarstjórn/ formaður skólanefndar

Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
Árnesi 804 Selfoss  
Sími: 863 9689  
E-mail: vilborg@skeidgnup.is

<http://www.skeidgnup.is>